

Keilir, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs ehf.
Ársreikningur 2024

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	5
Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar	10

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Megintilgangur félagsins er rekstur skólastofnunar og rannsóknarstarfsemi ýmiskonar.

Rekstur ársins 2024 og framtíðarhorfur

Rekstrartekjur félagsins námu 616 millj. kr. á árinu 2024 og lækkuðu um 151 millj. kr. milli ára eða um 20%. Tap félagsins á árinu 2024 nam 64 millj. kr. (2023: 282 millj. kr.). Þar af voru vextir og verðbætur af lánum 54,1 millj. kr. og áhrif af gjaldþroti IAA ehf. 131,9 millj. kr.

Eigið fé félagsins í árslok 2024 var 177 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi (2023: 319 millj. kr.) að meðtöldu hlutafé félagsins að nafnverði 0,5 millj. kr. í árslok 2024 (2023: 371 millj. kr.) og endurmatsreikningi fasteignar 306,7 millj. kr. (2023: 404,0 millj. kr.). Hluthafar félagsins samþykktu á árinu að lækka hlutafé þess til að jafna uppsafnað tap frá fyrri árum.

Á árinu var Iceland Aviation Academy ehf. (IAA) dótturfélag Keilis úrskurðað gjaldþrota en rekstrarvandi félagsins hefur haft mikil áhrif á rekstur Keilis undanfarin ár. Keilir var í sjálfskuldur- og veðábyrgðum á lánum IAA frá Landsbanka Íslands að upphæð 170 millj. kr., en sú ábyrgð lækkaði í 68 millj. kr. eftir sölu eigna úr þrotabúi IAA. Viðræður hófust við Landsbankann um að setja þá fjárhæð í skuldabréf.

Undir lok ársins 2024 hófust viðræður við Reykjanesbæ um kaup á fasteigninni Grænásbraut 910 og í upphafi árs 2025 var undirritaður kaupsamningur þess efnis. Í kjölfarið samþykkti Landsbankinn að biða með greiðslur á ábyrgðum vegna IAA þar til fasteignin væri seld og í ljósi þess að félagið myndi gera upp ábyrgðir vegna IAA að fullu með eingreiðslu.

Við sölu á fasteigninni voru fjármunir einnig leystir út sem fóru í að greiða nafnvirði nemendaskuldbindingar IAA vegna inneigna nemenda sem voru ógreiddar frá gjaldþroti, samtals að fjárhæð 58,7 millj. kr. Sú ákvörðun var samþykkt á hluthafafundi árið 2024, þrátt fyrir að Keilir bæri ekki ábyrgð á skuldbindingum þrotabús IAA.

Keilir hefur því gert upp allar skuldir sem félagið var í ábyrgð fyrir hjá IAA ásamt eigin skuldum sem tengdust fasteigninni sem var seld.

Fasteignin er færð til eignar á matsverði í árslok og munu áhrifin á bókhald félagsins vera þau að endurmatsreikningur verður leystur upp og færður yfir á óráðstafað eigið fé.

Haustið 2024 færðust tvær námsbrautir, stúdentsbraut í tölvuleikjagerð og einkaþjálfaranám, yfir til Fjölbautaskóla Suðurnesja (FS) en við það varð rekstur félagsins talsvert umfangsminni. Nám í fóttaðgerðafræði hélt áfram hjá félaginu haustið 2024 og fram að áramótum, en mun færast til FS haustið 2025. Þær námsbrautir og námskeið sem eftir standa eru Háskólabró, opin stúdentsbraut og undirbúningsnámskeið fyrir inntökupróf í læknisfræði, tannlæknisfræði og sjúkraþjálfunarfræði. Keilir er með í vinnslu umsókn hjá mennta- og barnamálaráðuneytinu (MRN) sem snýr að viðurkenningu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi tengt opnu stúdentsbrautinni og fjarnámshlaðborði Keilis. Í árslok 2024 var beðið eftir samþykki frá MRN. Nám á Háskólabró er komið undir Háskólaráðuneyti og fer fjárstreymi í gegnum Háskóla Íslands varðandi þá námsleið og er jafnframt undir þeirra gæðaeftirliti eins og hefur verið frá byrjun.

Fjárhagsstaða félagsins er góð og áætlanir næstu ára sýna fram á jákvæðan viðsnúning í rekstri þar sem áhrifa af rekstri og ábyrgðum vegna IAA er lokið að fullu.

Hluthafar í árslok voru sex líkt og í ársbyrjun. Í árslok 2024 var hlutafé í eigu eftirtalinna aðila:

	Eignarhluti
Ríkissjóður Íslands	51,28%
Reykjanesbær	33,93%
Suðurnesjabær	6,23%
Grindavíkurbær	6,16%
Sveitarfélagið Vogar	2,27%
Keilir - miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs	0,13%

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.:

Samkvæmt samþykktum félagsins skal hagnaði félagsins varið til reksturs og innri vaxtar er arðgreiðsla því ekki heimil.

Stjórn félagsins er skipuð þrem aðilum sem eru kjörnir til eins árs í senn. Núverandi stjórn er skipuð tveimur körlum og einni konu.

Stjórn og framkvæmdastjóri Keilis, miðstöðvar vísinda, fræða og atvinnulífs ehf. hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2024 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og framkvæmdastjóri leggja til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Reykjanesbær, 2025.

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

Ársreikningur þessi var samþykktur á stjórnarfundum þann 26. mars 2025 og undirritaður með rafrænum hætti í framhaldi af fundinum.

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Keilis, miðstöðvar vísinda, fræða og atvinnulífs ehf.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Keilis, miðstöðvar vísinda, fræða og atvinnulífs ehf. („félagið“) fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2024 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal alla verulega annmarka á innra eftirliti sem við greinum við endurskoðun okkar.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Reykjanesbær, 2025.

KPMG ehf.

Rekstrarreikningur árið 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrartekjur			
Tekjur af kennslu og rannsóknum		567.280.650	616.790.508
Þjónustutekjur húsnæðis		0	34.020.555
Styrkir og aðrar tekjur	7	49.400.606	116.504.309
		<u>616.681.256</u>	<u>767.315.372</u>
Rekstrargjöld			
Laun, launatengd gjöld og aðkeypt kennsla	8	378.037.342	483.934.427
Annar rekstrarkostnaður		80.461.776	177.583.059
Afskriftir	9	37.297.380	49.984.347
		<u>495.796.498</u>	<u>711.501.833</u>
Rekstrarhagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		120.884.758	55.813.539
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur		964.213	904.057
Vaxtagjöld og verðbætur		(54.136.853)	(54.137.794)
		<u>(53.172.640)</u>	<u>(53.233.737)</u>
Áhrif dótturfélaga		0	(284.110.935)
Hagnaður (tap) ársins af reglulegri starfsemi		67.712.118	(281.531.133)
Áhrif gjaldþrots IAA	18	(131.900.849)	0
Tap ársins	15	<u>(64.188.731)</u>	<u>(281.531.133)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Skýr.	2024	2023
Eignir			
Óefnislegar eignir	10	0	4.568.268
Varanlegir rekstrarfjármunir	11	881.466.450	992.389.641
Eignarhlutir í öðrum félögum	13	2.000.000	2.000.000
Fastafjármunir		883.466.450	998.957.909
Viðskiptakröfur		1.958.566	1.147.783
Aðrar skammtímakröfur		2.558.911	5.101.537
Handbært fé		33.997.762	498.182
Veltufjármunir		38.515.239	6.747.502
Eignir samtals		921.981.689	1.005.705.411
Eigið fé			
Hlutfé	14	500.000	370.500.000
Lögbundinn varasjóður		125.000	13.333.434
Endurmatsreikningur		306.723.113	403.965.153
Ójafnað eigið fé	(	130.512.928)	(468.580.592)
Eigið fé	15	176.835.185	319.217.995
Skuldir			
Langtímaskuldir	16	526.223.267	511.338.595
Langtímaskuldir		526.223.267	511.338.595
Skuldir við lánastofnanir		0	34.884.811
Viðskiptaskuldir		9.694.405	13.093.093
Næsta árs afborganir langtímaskulda	16	100.441.147	34.684.434
Fyrirframinnheimtar tekjur		65.993.526	13.793.000
Aðrar skammtímaskuldir		42.794.159	78.693.483
Skammtímaskuldir		218.923.237	175.148.821
Skuldir samtals		745.146.504	686.487.416
Eigið fé og skuldir samtals		921.981.689	1.005.705.411

Sjóðstreymisyfirlit árið 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrarhreyfingar			
Innheimt frá viðskiptamönnum		611.902.099	766.121.632
Greiðslur til viðskiptavina		(497.797.130)	(630.007.091)
Handbært fé frá rekstri fyrir vexti		<u>114.104.969</u>	<u>136.114.541</u>
Innheimtar vaxtatekjur		964.213	904.057
Greidd vaxtagjöld og verðbætur		(54.136.853)	(54.137.794)
Reiknaðar áfallnar verðbætur		24.665.791	31.177.026
Handbært fé frá rekstri		<u>85.598.120</u>	<u>114.057.830</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Söluverð óefnislegra eigna		0	3.000.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	11	0	(11.810.440)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		0	2.030.000
Kröfur á tengda aðila, breyting		(4.468.872)	(306.625.215)
Fjárfestingarhreyfingar		<u>(4.468.872)</u>	<u>(313.405.655)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tekin ný langtímalán		0	176.154.654
Afborganir langtímaskulda		(12.744.857)	(4.609.765)
Skuldir við lánastofnanir, breyting		(34.884.811)	19.766.640
Fjármögnunarhreyfingar		<u>(47.629.668)</u>	<u>191.311.529</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		33.499.581	(8.036.295)
Handbært fé í ársbyrjun		498.182	4.698.260
Handbært fé yfirtekið við samruna		0	3.836.218
Handbært fé í árslok		<u>33.997.762</u>	<u>498.182</u>

Skýringar

1. Félagið

Keilir, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs ehf. („Félagið“) er íslenskt einkahlutafélag og er lögheimili þess að Grænásbraut 910 í Reykjanesbæ. Starfsemi félagsins felst í rekstur skólastofnunar og rannsóknarstarfsemi ýmiskonar. Félagið ber takmarkaða skattskyldu.

Reikningsskilaaðferðir

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

3. Innlausn tekna

Tekjur af vörusölu eru færðar í rekstrarreikning þegar eignarhald flyst til kaupanda, sem alla jafna er við afhendingu vara. Tekjur af þjónustu eru færðar í rekstrarreikning í hlutfalli við stöðu verks á uppgjörssdegi. Staða verks er metin með hliðsjón af vinnu sem lokið er. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra, tengdan kostnað eða að vörinni verði mögulega skilað.

4. Varanlegir rekstrarfjármunir

Fasteign félagsins er færð til eignar á markaðsvirði í árslok. Aðrir varanlegir rekstrarfjármunir að eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteignir	50 ár
Vélar, áhöld og tæki	3 - 10 ár

5. Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum sem ekki eru skráð á hlutabréfamarkaði eru færðir á kostnaðarverði, að frádreginni virðisrýrnun, ef við á.

6. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum og innstæðum sem bundnar eru til skemmri tíma en þriggja mánaða.

7. Styrkir og aðrar tekjur

Styrkir og aðrar tekjur greinast þannig:

	2024	2023
Söluhagnaður fastafjármuna	0	166.667
Styrkir	5.901.274	9.147.308
Matarsala og önnur sala	670.682	2.109.396
Húsaleiga og stoðþjónusta	37.838.400	101.629.056
Aðrar tekjur	4.990.250	3.451.882
Aðrar tekjur samtals	49.400.606	116.504.309

8. Laun, launatengd gjöld og aðkeypt kennsla

Laun, launatengd gjöld og aðkeypt kennsla greinast þannig:

	2024	2023
Laun	269.231.882	361.963.658
Mótframlag í lífeyrissjóð	36.503.004	45.600.360
Önnur launatengd gjöld	25.909.340	32.784.966
Aðkeypt kennsla	46.393.116	43.585.443
Laun og launatengd gjöld samtals	378.037.342	483.934.427
Ársverk	24,7	35,4

Skýringar

9. Afskriftir

Afskriftir í rekstrarreikningi greinast þannig:

	2024	2023
Afskriftir óefnislegra eigna sbr. skýr 10	4.568.268	19.594.467
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna sbr. skýr 11	32.729.112	30.389.880
	<u>37.297.380</u>	<u>49.984.347</u>

10. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir greinast þannig:

	Próunar- kostnaður
Bókfært verð 1.1.2023.....	53.562.043
Selt á árinu	(29.399.307)
Afskriftir ársins	(19.594.468)
Bókfært verð 31.12.2023.....	4.568.268
Afskriftir ársins	(4.568.268)
Bókfært verð 31.12.2024.....	<u>0</u>
Afskriftahlutföll	10%

11. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir félagsins greinast þannig:

	Fasteignir	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
Heildarverð 1.1.2023.....	1.070.838.588	88.514.062	1.159.352.649
Viðbót á árinu	9.525.087	2.285.353	11.810.440
Selt á árinu	(86.796.403)	(4.300.000)	(91.096.403)
Heildarverð 31.12.2023.....	993.567.272	86.499.414	1.080.066.686
Sérstakt endurmat	(78.194.079)	0	(78.194.079)
Selt og niðurlagt á árinu	0	(37.770.493)	(37.770.493)
Heildarverð 31.12.2024.....	<u>915.373.193</u>	<u>48.728.921</u>	<u>964.102.114</u>
Afskrifað samtals 1.1.2023.....	406.007	59.317.825	59.723.832
Afskriftir færðar út við sölu	0	(2.436.667)	(2.436.667)
Afskriftir ársins	20.851.557	9.538.323	30.389.880
Afskrifað samtals 31.12.2023.....	21.257.564	66.419.481	87.677.045
Afskriftir færðar út við sölu	0	(37.770.493)	(37.770.493)
Afskriftir ársins	19.115.629	13.613.483	32.729.112
Afskrifað samtals 31.12.2024.....	<u>40.373.193</u>	<u>42.262.471</u>	<u>82.635.664</u>
Bókfært verð 31.12.2023.....	972.309.708	20.079.933	992.389.641
Bókfært verð 31.12.2024.....	<u>875.000.000</u>	<u>6.466.450</u>	<u>881.466.450</u>
Afskriftahlutföll	0%-8%	0%-33%	

Veðsetningar

Fasteignir félagsins með bókfært verð 875 millj. kr. eru veðsettar fyrir skuldum félagsins að eftirstöðvum 536 millj. kr. í árslok.

Skýringar

12. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.:

Fasteignamat og váttryggingarverðmæti

Opinbert mat fasteigna og váttryggingarverðmæti lausafjár greinist þannig:

	Fasteigna- mat	Brunabóta- mat	Váttryggingar- verðmæti
Fasteign	821.700.000	2.523.550.000	
Áhöld, búnaður og innanstokksmunir			123.061.000
Samtals	821.700.000	2.523.550.000	123.061.000

13. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum greinast þannig:

	2024		2023	
	Eignarhlutur	Bókfært verð	Eignarhlutur	Bókfært verð
Eignarhlutir færðir á kostnaðarverði	7%	2.000.000	7%	2.000.000
		2.000.000		2.000.000

14. Hlutfé

Heildarhlutfé samkvæmt samþykktum félagsins er 0,5 millj. kr. og fylgir eitt atkvæði hverjum einnar krónu hlut.

15. Yfirlit eiginfjárreikninga í þús. kr.

	Hlutfé	Endurmats- reikningur	Lögbundinn varasjóður	Ójafnað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2023.....	370.500	511.545	13.333 (	342.728)	552.651
Áhrif endurmats fasteignar		(107.580)		20.784 (	86.796)
Áhrif samruna				134.895	134.895
Tap ársins				(281.531) (	281.531)
Eigið fé 31.12.2023.....	370.500	403.965	13.333 (	468.580)	319.218
Lækkun hlutfjár	(370.000)			370.000	0
Áhrif endurmats fasteignar		(97.242)		19.048 (	78.194)
Tap ársins				(64.189) (	64.189)
Fært úr lögbundnum varasjóði ...			(13.208)	13.208	0
Eigið fé 31.12.2024.....	500	306.723	125 (	130.513)	176.836

Skýringar

16. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir greinast þannig:

2024

Verðtryggðar veðskuldir vegna húsnæðis	535.817.369
Óverðtryggðar skuldir vegna IAA	68.720.451
Aðrar langtímaskuldir	22.126.594
	<u>626.664.414</u>
Næsta árs afborganir langtímaskulda	(100.441.147)
Langtímaskuldir samkvæmt efnahagsreikningi	<u>526.223.267</u>

Afborganir langtímaskulda greinast þannig á næstu ár:

Afborganir árið 2025	100.441.147
Afborganir árið 2026	10.450.020
Afborganir árið 2027	10.859.522
Afborganir árið 2028	11.285.070
Afborganir árið 2029	11.727.295
Síðar	481.901.360
Afborganir langtímalána samtals	<u>626.664.414</u>

17. Fyrirframinnheimtar tekjur

Tekjur af kennslu sem innheimtar hafa verið og tilheyra síðari tímabilum eru færðar til skuldar í ársreikningi sem fyrirframinnheimtar tekjur. Einnig er fært á meðal fyrirframinnheimtra tekna greiðslur til nemenda IAA sem Keilir greiddi í janúar 2025.

18. Áhrif gjaldþrots IAA

Á árinu var Iceland Aviation Academy ehf. (IAA) dótturfélag Keilis úrskurðað gjaldþrota en rekstrarvandi félagsins hefur haft mikil áhrif á rekstur Keilis undanfarin ár. Keilir var í sjálfskuldar- og veðábyrgð á lánum frá Landsbanka Íslands að upphæð 170 millj. kr., en sú ábyrgð lækkaði í 68 millj. kr. eftir sölu eigna úr þrotabúi IAA. Samið hefur verið við Landsbankann um uppgjör á þeirri skuld og er hún færð meðal langtímaskulda í árslok 2024 í ársreikningi.

Á hluthafafundi Keilis á árinu 2024 var samþykkt að greiða nafnvirði nemendaskuldbindinga IAA vegna inneigna nemenda sem voru ógreiddar frá gjaldþroti, samtals að fjárhæð 58,7 millj. kr., þrátt fyrir að Keilir bæri ekki ábyrgð á skuldbindingum þrotabús IAA. Sú fjárhæð er færð meðal fyrirframinnheimtra tekna í árslok 2024 í ársreikningi.

Þessu til viðbótar lagði Keilir út 4,5 millj. kr. fyrir hönd IAA á árinu 2024, fram að gjaldþroti og er sú krafa töpuð og því afskrifuð að fullu.

Uppgjör við Landsbanka Íslands vegna ábyrgðar	68.720.451
Uppgjör við nemendur skv. samþykkt hluthafafundar	58.711.526
Aðrar kröfur	4.468.872
	<u>131.900.849</u>

19. Önnur mál

Leigusamningi vegna flugskýlis á Keflavíkurflugvelli sem félagið gerði fyrir hönd IAA var sagt upp á árinu 2023. Í kjölfarið leitaðist utanríkisráðuneytið sem er eigandi skýlisins eftir því að Keilir viðurkenndi viðbótargreiðslu vegna viðhalds á skýlinu. Samkvæmt lögfræðialiti hafði sú krafa ekki rétt á sér og hefur ekki verið gerð frekari krafa frá ráðuneytinu.